

197  
29. sept.

verið, að eins í fyrsta skipti á árinu að fullu greiða, en hin skiptin skal að eins borga  $\frac{3}{4}$  af gjöldum þessum í hvert sinn.

Tolla þá, sem nefndir eru í 1. tölulíð, skal þá greiða, er skipið varpar akkerum fyrir innan Oddeyrartanga og merki þau, er höfnina takmarka. Nú leitar skip hafnar fyrir ísreks sakir, storma eður því um líks, og skal afgjald af því greiða engu að síður.

II. Fyrir ljósker það, er sett kann að verða ef til vill á Oddeyrartanga við innsiglinguna á höfnina, skal sá, sem heimtar að kveikt sje á því, borga 1 krónu fyrir nótt hverja. Þetta gjald skal greiða, hvort sem skip það, er beðið hefir verið um að kveikja fyrir, kemur á höfnina eður ekki. Eigi verður á ljóskerinu kveikt nema *hafnar-nefndin* sje þess beðin.

III. Auk þeirra gjalda, sem þegar eru talin, ber enn fremur að greiða:

1. Strandtoll, ef skip er lagt upp í fjöruna til að hreinsa það eður endurbæta, hvort heldnr sem skipin eru innlend eður útlend, 2 aura um daginn fyrir smálest hverja.
2. Seglfestugjald, er seglfesta er í skip tekin af lóð bæjarins, eða flutt úr skipi á hana, hvort sem skipin eru heldur innlend eða útlend, 2 aura fyrir smálest hverja af öllu rúmmáli skipsins.

IV. Öll skip, þau er ríkið á og herflagg hafa og veifu, eru undanþegin hafnargjöldum; sama er og um utanríkisskip, þau er eins eru út búin.

Undan þegin hafnargjöldum eru öll skip danskra þegna, sem á fiskiveiðum eru undir ströndum Íslands, ef eigi eru í þau fluttar nje úr þeim aðrar vörur, en þær, er heyra til afla þeirra eða útgjörðar.

Nú leitar skip hafnar fyrir skemda sakir, er það hefir á sjó beðið, enda flytur burtu aftur farm þann allan, er það kom með, og eigi meira, þá er það undanþegið hafnargjöldum, hvort sem farmurinn hefir verið úr því fluttur eða eigi.

V. Seglfestu má eigi kasta út á höfninni.

Reglugjörð þessi öðlast gildi með nýjári 1883, og skal hana endurskoða innan ársloka 1887.

198  
29. sept.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til *landshöfðingja* um skemmdir á kirkjujörðum.

— Með þóknanlegu brjefi 27. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað bænarskjöl frá prestunum að Odda og Stóruvöllum um hjálp sakir skemmda þeirra, er prestssetur («præstegárde») brauða þessara hafi fyrir orðið af sandfoki, og fylgdu því erindi álitskjöl prófastsins í prófastsdöminu og stíptysfirvaldanna.

Af þessu tilefni læt jeg eigi hjá líða að tjá yður þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir beiðöndunum, að eigi er unt að kveða neitt á um hvort fara skuli fram á að leita samþykkis alþingis til að veita þeim hjálp, fyrri en löglegar skoðunargjörðir eru fram komnar á kirkjujörðum tjeðra brauða, og þarf þar að vera nákvæm lýsing á skemdunum, og álit skoðunarmanna um, að hve miklu leyti áfall það, er jarðirnar hafa fyrir orðið, sje að eins skemd í svip, eður þessleidis skemd, er hafa mnni afleiðingar um langa framtíð. Eruð þjer því, herra landshöfðingi, beðinn að tjá beiðöndum, að svo framarlega sem þeir ætla að halda fram beiðni sinni um hjálp, þá verði þeir að láta gjöra slíka skoðun á jörðunum, og ber svo að senda ráðgjafanum málið á ný og fylgi þá ítarlegri álitskjöl frá prófasti og stíptysfirvöldunum og nákvæmari tillögur frá yður, herra landshöfðingi.